



Golfklúbburinn Dalbúi

**1. stjórnarfundur starfsársins 2018 haldinn að Bæjargili 109, Garðabæ, 10. janúar 2018.
Fundur hófst kl. 17:00.**

Mætt: Bryndís Scheving form., Ásbjörn Sigurbjörnsson,
Eiríkur Þorláksson, Böövar Schram,
Hafsteinn Daníelsson (varam.),

Forföll boðuð: Ragnhildur Bender (varam.)

1. Skipun stjórnar:

Formaður bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund nýrrar stjórnar, og bauð sérstaklega velkominn nýjan félag, Böövar Schram, sem hefur þegið boð um að setjast í stjórn klúbbsins. Böövar er sonarsonur fyrsta formanns klúbbsins, Gunnars G. Schram.

Stjórn ákvað að skipta með sér verkum með eftirfarandi hætti fyrst um sinn:

- Böövar Schram, varaformaður
- Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri
- Meðstjórnendur: Ásbjörn Sigurbjörnsson

Jafnframt var ákveðið að helstu nefndir yrðu þannig skipaðar fyrst um sinn:

- Vallarnefnd: Hafsteinn Daníelsson, Hörður Bergsteinsson og Haraldur Ólafsson..
- Mótanefnd: Ásbjörn Sigurbjörnsson og Böövar Schram munu undirbúa tillögu að mótaskrá klúbbsins sumarið 2018 fyrir næsta fund stjórnar.

Ekki var rætt um skipan annarra nefnda á fundinum, en ljóst að huga þarf að félögum til að sinna málefnum eftirfarandi nefnda, eftir því sem tilefni gefst til.

- Forgjafarnefnd, húsnefnd, samstarfsnefnd, unglinganefnd, aganefnd og skemmtinefnd eða afmælisnefnd (vegna 40 ára afmælis Dalbúa 2019).

2. Ástand vallar:

Ljóst er að mikill klaki er á vellinum í Miðdal, og hafa svellalög verið að aukast allan desember og fram yfir áramót. Þetta getur skapað alvarlega hættu á kali undir svellum, og er einkum mikilvægt að reyna að forða slíku tjóni á flötum vallarins. – Gerð var tilraun til að vinna á klakanum á flötum um síðustu helgi, því miður með litlum árangri vegna frosts.

Ákveðið að Ásbjörn mudi hafa samband við Hermann Karlsson í Miðdalskoti og ræða við hann um að hann vinni sem fyrst að því að brjóta upp svell á flötum vallarins með viðeigandi vinnutækjum þegar tækifæri gefst (t.d. við hláku).

Staða málsins verði rædd frekar á næsta stjórnarfundum.

3. Ákvörðun árgjalda o.fl.:

Eins og fram kom á aðalfundi Dalbúa 30. nóvember sl. er fyrirkomulag árgjalda þannig að bæði er um að ræða einstaklingsgjöld og hjónagjöld, og einnig veru aldursmörk, þ.e. þeir sem eru 67 ára og eldri greiddu lægri gjöld (bæði sem einstaklingar og hjón). Þá greiða þeir sem eru skráðir í annan golfklúbb sem aðalklúbb lægra gjald sem nemur svonefndu GSÍ-gjaldi, sem væri innheimt með árgjaldi í aðalklúbb.

Þessi mismunandi flokkun gerir að verkum að í reynd greiðir aðeins lítill hluti félagsmanna Dalbúa fullt árgjald, og tekjur af árgjöldum hefur því verið hlutfallslega nokkru lægri en reiknað hefur verið með.

Með vísan til aukins rekstrarkostnaðar klúbbsins m.a. vegna yfirtöku á vélum og búnaði (og þar með ábyrgð á viðhaldskostnaði þeirra) og óvissu um rekstrarform næsta árs var lagt til að reynt yrði að auka tekjur af félagsgjöldum nokkuð, en þau hafa lítið breyst síðustu ár.

Að lokinni umræðu var lög fram eftirfarandi tillaga um félagsgjöld Dalbúa 2018:

Árgjöld:

- Einstaklingsgjald verði 40.000,- kr.,
- hjónagjald verði 72.000,- kr.,
- einstaklingsgjald 67 ára og eldri (miðað við fæðingarár) verði 37.000,- kr.,
- hjónagjald 67 ára og eldri (miðað við fæðingarár) verði 69.000,- kr.,
- einstaklingsgjald undir 16 ára (miðað við fæðingarár) verði 15.000,- kr.

Sumarkort:

- Einstaklingskort verði 34.000,- kr.,
- hjónakort verði 55.000,- kr.

Ákvörðun um önnur gjöld (vallargjöld, gestakort einstaklinga, keppnisgjöld o.fl.) verður tekin síðar, m.a. að höfðu samráði við mótanefnd og væntanlega rekstraraðila.

Samþykkt heimild til gjaldkera til að skipta greiðslum félaga þannig að árgjöld verði greidd í þrennu lagi, t.d. í mars, apríl og maí, fremur en að árgjöld væru innheimt með einni greiðslu líkt og verið hefur til þessa.

Bréf formanns, þar sem m.a. verði fjallað með hefðbundnum hætti um starfið framundan og bent á breytingu á innheimtu árgjalda, verði sent til félaga (með tölvupósti í febrúar) áður en fyrsti hluti greiðslu félagsgjalda verður sendur í innheimtu. – Drög að slíku bréfi liggja fyrir á næsta stjórnarfundum.

4. Auglýsing eftir rekstraraðila:

Eins og fram kom á aðalfundi Dalbúa 30. nóvember sl. verður það eitt helsta verkefni nýrrar stjórnar að finna nýja rekstraraðila fyrir völlinn og golfskálann fyrir sumarið 2018. Fjárhagur klúbbsins setur því nokkrar skorður hversu miklu fé er hægt að verja til auglýsinga, og einnig er spurning um hvaða vettvangur kann að vera bestur til að auglýsing eftir rekstraraðila skili tilætluðum árangri.

Eftir nokkra umræðu var ákveðið að stefnt skuli að því að kosta auglýsingar í Bændablaðinu og í Dagskránni á Suðurlandi, auk þess að auglýsa á vefnum í fréttabréfi Bláskógabyggðar og á vefnum golf.is, sem ekki þarf að greiða fyrir – og að sjálfsögðu á heimasíðu klúbbsins, dalbui.is. Þá var rætt um að kanna möguleika þess að fá auglýsingar eftir rekstraraðila birtar á heimasíðum helstu styrktaraðila klúbbsins, þ.e. heimasíðum Grafíu, Rafiðnaðarsambands Íslands og VM – félags vélstjóra og málmtæknumanna.

Formanni falið að annast þessar auglýsingar og vera í samráði við gjaldkera til að tryggja að kostnaður verði innan marka greiðslugetu klúbbsins.

5. Önnur mál:

- Afsal af golfskála: Bent var á að í þeim samningi sem gerður var 9. mars 2017 við Grafu stéttarfélag, VM – félag vélstjóra og málmtæknumanna og Rafiðnaðarsamband Íslands um að þessir aðilar keyptu hluta í golfskála Dalbúa í Miðdal, var kveðið á um að þegar greiðslur hafi farið fram í samræmi við ákvæði samningsins skuli gefa út afsal til samningaðila að eignarhluta þeirra að golfskálanum í viðeigandi hlutföllum.
 - Slík útgáfa afsals hefur ekki enn farið fram, og var gjaldkera falið að annast það verkefni og ræða jafnframt við sömu aðila um endurnýjun þess samstarfssamnings sem gerður var um kaup á sumarkortum og sérstakan afslátt á völinn til félagsmanna þeirra.
- Breytingar á velli: Rætt var um fram komnar tillögur um breytingar á vellinum í Miðdal, sem fela m.a. í sér tvöfalda teiga við allar brautir (þannig að hægt verði að spila völinn sem 18 brauta völl), stækka 9. flöt og tengja saman flatir 4. og 7. brautar. Ef farið yrði í þessar framkvæmdir á árinu 2018 ætti að vera hægt að taka völinn þannig breyttan í fulla notkun vorið 2019, þegar golfklúbburinn Dalbúi verður 40 ára.
 - Það er ljóst að kostnaður við þessar breytingar verða umtalsverður, og að því verður ekki hægt að fara í þær af krafti nema að til þess fái sérstakur stuðningur. Stjórnarmenn voru því beðnir að skoða félagaskrá sérstaklega með það í huga hvort hægt yrði að leita til einstakra félaga um slíka sérstaka fjáröflun t.d. hjá fyrirtækjum sem félagsmenn kunna að tengjast. Málið verður rætt frekar á næsta stjórnarfund.
- Vinavellir: Dalbúi hefur um árábil verið í vinaklúbba-sambandi við golfklúbbana í Hveragerði, í Vík í Mýrdal og á Flúðum, og var formanni falið að tryggja að þau sambönd yrðu áfram til staðar.
 - Fram kom tillaga um að leitað yrði eftir því að gera slíka samninga um vinaklúbba við golfklúbba í hverjum landshluta, þ.e. á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, með það í huga að félagsmenn viðkomandi klúbba gætu spilað völinn í Miðdal með viðeigandi afslætti á ferðalögum sínum um Suðurland, og að félagsmenn Dalbúa gætu með sama hætti spilað viðkomandi velli á sínum ferðum.
 - Formanni var falið að fylgja þessum hugmyndum eftir.

Fleiri mál ekki tekin til afgreiðslu, og formlegum fundi slitið kl. 18:45.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn miðvikudaginn 14. febrúar n.k. á sama stað kl. 17:00.

- Ráðgert að þá verði á dagskrá a.m.k. mótamál, ráðningarmál og fjármál.

Eiríkur Þorláksson ritaði fundargerð.